

GÁTLISTI FYRIR SJÓSÓKN



Með góðu viðhaldi báts og búnaðar og reglulegri yfirferð á þeim atriðum sem eru á listanum hér fyrir neðan, er á auðveldan hátt hægt að auka öryggi sjófarenda og auka líkur á ánægjulegri sjóferð.

BÚNAÐUR BÁTSINS

- Athugið hvort gróður hafi myndast í tönkum en það getur orsakað stíflu í olúkerfum og síum (Gerist stundum eftir langt stopp).
- Hreinsið eldsneytisolíukerfi, olúgeyma, lagnir og síur sérstaklega vel eftir langa legu báts.
- Athugið hvort olúmælar sýni rétt eldsneytismagn. Verið viss um að hægt sé að mæla/pæla (handvirkt) magn eldsneytis ef mælir er bilaður.
- Athugið ástand rafgeyma. Ef vafi er á ástandi þeirra skuluð þið biðja skoðunarmenn um að álagsprófa geymana.
- Athugið hvort lensidælur og lagnir frá þeim séu í lagi. Hvort síur séu hreinar og að það sé gott aðgengi að þeim. (Æskilegt er að hafa færnanlega handdælu til taks.)
- Hafið til vara olú- og vatnssíur ásamt verkfærum til að skipta um þær.
- Hafið til vara reimar og verkfæri til að skipta um þær.
- Hafið varabirgðir af smurólú.
- Gætið þess að landfestar og dráttartóg séu í góðu ásigkomulagi.
- Gætið þess að ankeri séu til taks, aðgengileg og tilbúin til notkunar.
- Verið viss um að stýri og neyðarstýri séu í lagi.
- Verið viss um að siglingaljós séu í lagi.

FJARSKIPTI

- Tryggið að öll fjarskiptatæki séu í lagi. Verið viss um að loftnet fyrir talstöð AIS og síma séu í lagi.
- Athugið að AIS tækið sendi réttar upplýsingar um auðkenni báts og nafn. Gæta þarf þess að ef nafni og auðkenni báts hefur verið breytt að það sé uppfært í AIS.

Framhald á næstu síðu

GÁTLISTI FYRIR SJÓSÓKN

2

NEYÐAR- OG BJÖRGUNARBÚNAÐUR

Framhald af síðu 1

- Athugið að losunarbúnaður björgunarbáta sé í góðu lagi.
- Hafið björgunarbúninga og –vesti aðgengileg.
- Hafið handslökkvitæki aðgengileg og betra er að hafa þau fleiri en færri um borð.
- Passið að neyðarútgangar séu hindrunarlausir og greiðfærir.
- Athugið að neyðarstigi sé í lagi.
- Gætið þess að sjúkrakassi sé yfirfarinn og í lagi.
- Athugið að neyðarblys og flugeldar séu um borð. Gætið þess að þau séu ekki útrunnin og geymið þau á viðeigandi hátt.
- Athugið að neyðarsendar séu í lagi.
- Hafið vasaljós tiltæk, gerið athugun á virkni þeirra og hafið aukarafhlöður.
- Hafið aukafatnað – í vatnsheldum umbúðum.
- Hafið sjónauka um borð í bátnum.

FYRIR BROTTFÖR

- Áður en lagt er af stað skal farið vandlega yfir framangreind atriði.
- Athugið að lögskráning sé samkvæmt reglum, trygging sé gild fyrir áhöfn og að réttindi og öryggisþekking skipverja sé í lagi.
- Athugið veðurspá.
- Verið vel úthvöld fyrir brottför.
- Verið þess fullviss að þekking á stjórnbúnaði báts og stöðugleika sé til staðar.
- Gangið úr skugga um að næg eldsneytisólía sé um borð í bátnum.
- Tryggið að allur sjóbúnaður sé í lagi.
- Kveikið á AIS tæki fyrir brottför.
- Tilkynnið brottför til strandstöðvar á rás VHF 09.
- Munið að stilla talstöð á VHF 16 til að uppfylla skyldu um hlustvörslu. Hægt er að nota Dual Watch (DW) til þess.
- Klæðist „fleytibúnaði“ við vinnu á þilfari
- Hafið uppfært sjókort (í plasti/plastað) af svæðinu sem veiðar eru stundaðar á.